**Verjum íslenska hesta gegn smitsjúkdómum!**

# BANNAÐ ER AÐ FLYTJA NOTUÐ REIÐTYGI TIL LANDSINS!





**Óheimilt er að flytja til landsins:**

- Notuð reiðtygi: hnakkar, beisli, mél, múlar, hlífar, dýnur, yfirbreiðslur, pískar o.s.frv.
- Notaða reiðhanska.

**Þvottur og sótthreinsun:**

- Notaðan reiðfatnað skal þvo í þvottavél eða þurrhreinsa í efnalaug áður en komið er til landsins.
- Notaðan reiðfatnað sem ekki er hægt að þvo í þvottavél eða þurrhreinsa í efnalaug, sem og skó, skal hreinsa og sótthreinsa með eftirfarandi hætti:
  - Þvo mjög vel með sápuvatni.
  - Þurrka.
  - Úða með 1% VirkonS (10g í hvern lítra af vatni).
  - Geyma í a.m.k. 5 daga áður en búnaðurinn er notaður í umhverfi hesta hér á landi.
- Hestamenn sem ekki eru í aðstöðu til að þrífa og sótthreinsa notaðan reiðfatnað áður en komið er til landsins geta framvísað honum í „rauða hliðinu“ í Leifsstöð og nýtt sér sótthreinsiþjónustu sem þar er í boði með heimsendingu.

***Þegar ferðast er milli landa er nauðsynlegt að gæta ítrustu smitvarna !***

